

1867.

24. ágúst.

sem fæðingarhreppurinn ætlar að hann muni hafa áunnið sér framfærslurètt, en því neitar aptur Hraunhreppur.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að með því að ekki eru færðar sönnur á með skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, að ofanefndur Jón Guðmundsson hafi dvalið svo langan tíma í Hraunhrepp, sem útheimtist samkvæmt 6. grein í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 til þess að ávinna sér framfærslurètt, getur ekki hvílt nein skylda á greindum hrepp til að framfæra hyski hans eða endurgjalda Rosmhvalaneshrepp það, sem þar hefir lagt verið því til framfæris, og með því að ekki er heldur sannað, að Jón Guðmundsson hafi áunnið sér framfærslurètt í neinum öðrum hrepp, verður að snúa sér að fæðingarhreppnum í þessu efni.

24. ágúst.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Með bréfi dagsettu 18. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal frá hreppstjórunum í Helgastadahrepp í Þingeyjarsýslu, þar sem þeir áfrýja til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er þér hafið kveðið upp 1. maímán. f. á., og ákveður, að Jón Sveinsson, sveitarómagi, eigi sveit á Helgastadahrepp.

Um þetta skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að úrskurður sá, sem þér hafið lagt á málið, skal standa óbreyttur.¹

¹) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Útaf ágreiningi milli yðar og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, hafið þér, herra kanselliráð, borið undir úrlausn amtsins, hvort

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1867.
24. ágúst.

Þegar stjórnarráðinu hafði borizt með bréfi yðar, herra amtmáður, dagsettu 27. janúarmán. f. á., skjal frá hreppstjórnunum í Torfastaðahrepp í Húnavatnssýslu, þar sem þeir skjóta til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er vesturamtíð hafði kveðið

Jón nokkur Sveinsson, sem eptir framkomnum upplýsingum hefir dvalið nímm ár samfleytt, eða frá 1827 til 1832, í Helgastaðahrepp innan Þingeyjarsýslu, en hvergi síðan með dvöl sinni áunnid sér sveitarframfærslu, sè sveitlagur í Helgastaðahrepp eða í Öngulstaðahrepp í Eyjafjarðarsýslu, sem er fæðingarhreppur hans.

Eptir að hafa skrifazt á við sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu um þetta málefni, og meðtekið frá honum skjöl málsins, sem hjá honum geymdust, tilkynnist yður hérmeð til þóknarlegrar aðgæzlu og auglýsingar fyrir hreppstjórnunum í Helgastaðahrepp, að amtið verður að álita, að Jón Sveinsson hafi með dvöl sinni í tæðum hrepp eignazt þar framfærslurétt, því eins og lög um hefð og fyrningar verka aptur fyrir sig, svo hefir og í ýmsum tilfellum áður verið úrskurðað, þegar dvöl þarfalings var byrjuð í einhverjum hrepp, áður en reglugjörð 8. janúarmán. 1831 náði lagagildi, að ár þau, sem liðin voru á undan þessum tímupunkti, mætti leggja saman við þau ár, sem á eptir komu, til þess að fylla 5 ára dvölinu, sem 6. grein reglugjörðarinnar útheimtir til þess, að maður ávinni sér framfærslurétt í einhverri sveit. og hlýtur þá sá eins að eignast framfærslurétt í einhverri sveit, sem hafði hýrzt þar full 5 ár, áður en lagabodið gekk í gildi. Hin nýnefnda laga- grein bendir einnig til að þetta hafi verið meining löggjafans, þar sem segir í henni: „Samt á sú framfærsla, til hveirrar ein persóna nú þegar er komin eptir þeim hingadtil gildandi reglum (þ. e. að segja eptir reglunum um 20 ára hreppinn) á einhverja sveit, framvegis að viðhaldast, án þess að framanskriðuð ákvörðun (þ. e. um 5 ára dvölinu) megi þar á gjöra nokkura umbreyting“, því þar í virðist liggja, að sá, sem hafði dvalið 5 ár í einhverri sveit, á meðan 20 ára hreppurinn gildi, en var ekki tekinn þar til sveitarframfærslu, skyldi fyrir dvöl sína njóta þar sveitarframfærslu, ef hann þyrfti þess með.